

128

23. des.

6. gr.

Sérleyfishafi eða undanþáguhafi getur ekki skorast undan póstflutningi af sinni hálfu, meðan hann hefir sérleyfi eða undanþágu til fólksflutninga, en póststjórnin getur, hvenær sem hún vill, hætt að flytja póst með bifreiðum.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. gr. laga nr. 62 28. janúar 1935, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum. Öðlast þar gildi þegar í stað og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Póst- og símamálastjórnin, 23. desember 1937.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*E. Sandholt.*

129

31. des.

## REGLUGERÐ

### um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum 31. desember 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Fyrst um sinn, þangað til er öðruvísi verður ákveðið, gilda ákvæði reglugerðar nr. 7, 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl., ásamt breytingum og viðaukum á þeirri reglugerð 7. marz 1935, 7. maí 1935, 27. júlí 1936 og 11. október 1937.

2. gr.

Til þess að standast kostnað við gjaldeyris- og innflutningsnefnd skulu allir þeir, sem fá innflutningsleyfi, greiða gjald 2% — tvo af þúsundi — af fjárhæð þeirri, er leyfið hljóðar um, þó eigi minna en 50 aura fyrir hvert einstakt leyfi. Gjald þetta greiðir leyfishafi til þess innheimtumanns ríkissjóðs þar er hann framvísar innflutningsleyfinu í fyrsta sinn, og greiðist þá gjaldið af öllu leyfinu.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 31. desember 1937.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Einar Bjarnason.*